

Greinargerð með fjárhagsáætlun

Sveitarfélagsins Ölfuss

2014-2017



EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
00. Skatttekjur	4
02. Félagsþjónusta	6
03. Heilbrigðismál	8
04. Fræðslu- og uppeldismál	9
05. Menningarmál	13
06. Íþróttá- og æskulýðsmál	16
07. Brunamál og almannavarnir	19
08. Hreinlætismál	20
09. Skipulags- og byggingarmál	23
10. Umferðar- og samgöngumál	24
11. Umhverfismál	25
13. Atvinnumál	28
21. Sameiginlegur kostnaður	29
28. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	30
31. Eignasjóður	31
33. Þjónustumiðstöð	32
B-hluta fyrirtæki	33
41. Hafnarsjóður	34
43. Vatnsveita	36
53. Íbúðir eldri borgara	37
55. Uppgræðslusjóður	38
57. Félagslegar íbúðir	39
61. Fráveita	40
Greinargerð bæjarstjóra	41
Fjárhagsáætlun 2014-2017	44
Sundurliðuð rekstraráætlun 2014	75
Fjárfestingaráætlun	127
Skýringar fjárfestinga	131
Viðhaldsáætlun	140
Skýringar viðhalds	144
Skipurit Sveitarfélagsins Ölfuss	153

INNGANGUR

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árin 2014-2017 var lögð fram til fyrri umræðu þann 31. október 2013 og samþykkt við síðari umræðu þann 12. desember 2013.

Fjárhagsáætlun þessi hefur verið unnin sameiginlega af bæjarstjórn, bæjarráði, bæjarstjóra, bæjarritara og forstöðumönnum stofnana.

Rammi áætlunarinnar var markaður af bæjarstjórn/bæjarráði með það að markmiði að tryggja íbúum Sveitarfélagsins Ölfuss sem besta grunnþjónustu samhliða áframhaldandi uppbyggingu í þágu íbúa og samfélags.

Fjárhagsáætlanir síðustu ára hafa verið lagðar fram með ákveðnum óvissuþætti sem gat haft áhrif á áætlaða rekstrarniðurstöðu vegna leigu á ípróttamiðstöð af Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf. Á árinu 2013 var ípróttamiðstöðin keypt af Fasteign og þar með var þeirri óvissu eytt en gera má ráð fyrir því að á næstu 27 árum, eða á því tímabili sem leigusamningurinn náði yfir, sé fjárhagslegur ávinningur sveitarfélagsins ekki undir 500 m.kr.

Íbúafjöldi 1.12.2012	Íbúafjöldi 1.12.2013.	Væntur íbúafjöldi 2014
1.902	1.900	1.920

Samkvæmt 60 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skiptist starfsemi sveitarfélaga á eftirfarandi hátt:

- Sveitarsjóður, þ.e. aðalsjóður sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.
- Stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Meginreglan er sú að í A-hluta, flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum (aðalsjóður, eignasjóður og þjónustumiðstöð), en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar (þjónustueiningar) sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar og hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum (vatnsveita, hafnarsjóður, íbúðir eldri borgara, félagslegar íbúðir, uppgræðslusjóður og fráveita).

Áætlaðar heildartekjur Sveitarfélagsins Ölfuss (A- og B-hluta) á árinu 2014 eru alls 1.693 m.kr., þar af eru tekjur A-hluta, alls 1.515 m.kr., áætlaðar á eftirfarandi hátt:

Skatttekjur 1.048 m.kr., framlög úr Jöfnunarsjóði 315 m.kr og aðrar tekjur 152 m.kr.

Áætluð rekstrarútgjöld samstæðunnar án fjármagnsliða eru 1.562 m.kr., þar af eru laun og launatengd gjöld 755 m.kr., annar rekstrarkostnaður 676 m.kr. og afskriftir 131 m.kr.

Niðurstaða samstæðunnar er því áætluð jákvæð um 131 m.kr. án fjármagnsliða.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir nettó 103 m.kr. og hafa lækkað umtalsvert frá fyrra ári vegna hagstæðari endurfjármögnunar á lánum sveitarfélagsins á árinu 2013.

Áætluð rekstrarniðurstaða samstæðunnar er því jákvæð um 27,5 m.kr.

Áætlað veltufé frá rekstri er 226 m.kr.

Afborganir langtímaskulda eru áætlaðar 140 m.kr.

Gert er ráð fyrir 4.0% verðbólgu innan ársins. Gjaldskrár fyrir grunnþjónustu sveitarfélagsins verða ekki hækkaðar, s.s. leikskólagjöld, dagvistun, skólamáltíðir svo og þjónusta við eldri borgara. Aðrar gjaldskrár hækka almennt um 2%.

Þá er gert ráð fyrir fjárfestingum innan samstæðunnar alls kr. 156,5 m.kr og eru stærstu útgjaldaliðirnar þar 80 m.kr. til uppbyggingar fjarskiptakerfis í dreifbýli Ölfuss, lokafrágangur við

nýbyggingu leikskólans Bergheima 15 m.kr. og endurbygging tónlistarálmu Grunnskólans í Þorlákshöfn 18,5 m.kr.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2014.

Á árunum 2015-2017 er gert ráð fyrir að rekstur sveitarfélagsins verði með svipuðu sniði og á árinu 2014.


Áætlunin hefur verið unnin með það að markmiði að tryggja íbúum sveitarfélagsins sem besta grunnþjónustu samhliða enn frekari uppbyggingu á hinum ýmsu sviðum í þágu íbúa og samfélagsins í heild.

Sérstök áhersla er lögð á enn frekari uppbyggingu í þjónustu við leik- og grunnskólamál svo og í þjónustu við eldri borgara sveitarfélagsins.

00. SKATTTEKJUR

Áætlaðar skatttekjur 2014 (þús. kr.):

Útsvar	747.950
Fasteignaskattar	277.600
Jöfnunarsjóður	314.810
Lóðarleiga	22.700
Samtals	1.363.060



Útsvarstekjur hafa þróast með eftirfarandi hætti síðustu ár (þús. kr.):

Ásreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
701.154	727.500	747.950

Bæjarstjórn samþykkti hækkun útsvarshlutfalls í 14,52% árið 2014 en gjöld til ríkisins munu lækka um sama prósentuhlutfall svo álögur hækka ekki á einstaklinga vegna útsvarshækkunarinnar.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði verður óbreytt frá fyrra ári eða 0,36% af fasteignamati. Gert er ráð fyrir afslætti á fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega samkvæmt sérstökum reglum sem samþykktar hafa verið í bæjarstjórn. Hámark fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði skv. lögum er 0,5%.

Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði verður óbreyttur frá fyrra ári eða 1,6%. Hámarks fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði er 1,65% skv. lögum.

Fasteignaskattur á opinbert húsnæði er ákveðinn með lögum og er 1,32% af fasteignamati.

Gert er ráð fyrir óbreyttri lóðarleigu á milli ára eða 0,7% af fasteignamati lóðar.

Álagning fasteignaskatts hefur þróast með eftirfarandi hætti (þús. kr.):

Ársreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
254.459	257.900	277.600

Hér á eftir má sjá þróun tekna úr Jöfnunarsjóði (þús. kr.):

Ársreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
266.155	274.480	314.810

Álagning gjalda 2014


Útsvar	14,52%
Fasteignaskattur íbúðarhús A	0,36%
Fasteignaskattur B, opinbert húsnæði	1,32%
Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis C	1,60%
Vatnsskattur	0,12%
Vatnsskattur skv. mæli kr. pr/m ³ kr.	10,7
Holræsagjald	0,25%
Lóðarleiga A-flokkur	0,70%
Lóðarleiga B-flokkur	0,70%
Lóðarleiga C-flokkur	0,70%
Lóðarleiga D-flokkur	Skv. lóðarleigusamningi

Gjalddagar fasteignagjalda verði átta þ.e. 01.02.14 – 01.09.14.

02. FÉLAGSPJÓNUSTA

Áætluð útgjöld til félagsþjónustu 2014 (þús. kr.):

Sameiginlegur kostnaður	13.290
Fjárhagsaðstoð	9.000
Húsaleigubætur	8.900
Niðurgreiðslur gjalda	5.575
Málefni aldraðra	33.045
Barnavernd	9.995
Málefni fatlaðra	104.165
Annað	1.700
Samtals	185.670



Útgjöld til félagsþjónustu hafa þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
155.422	159.250	185.670

Verkefni félagsþjónustu Sveitarfélagsins Ölfuss eru skilgreind í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlögum nr. 80/1992 og lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Helstu verkefni eru félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, barnavernd, málefni aldraðra, málefni fatlaðs fólks og húsnæðismál.

Sveitarfélög í Árnessýslu utan Árborgar standa saman að Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Yfirstjórn málaflokksins er í höndum sameiginlegs forstöðumanns yfir skóla- og velferðarþjónustunni og skólaþjónustu- og velferðarnefndar auk sérfræðings í 60% stöðugildi í málefnum fatlaðs fólks. Þá er ein staða félagsráðgjafa í Þorlákshöfn sem er alfarið greidd af sveitarfélaginu.

Innan félagsþjónustunnar eru tæp 19 stöðugildi. Launakostnaður er áætlaður um 67% af heildarútgjöldum málaflokksins.

Fjárhagsaðstoð

Gert er ráð fyrir hækkun framfærslu um 3,6%. Ákveðið fjármagn er áætlað í virkni úrræði þ.e. samstarfsverkefni við Birtu starfendurhæfingu og verkefnið Stígur á vegum vinnumálastofnunar.

Húsaleigubætur

Ákveðið hefur verið að taka upp sérstakar húsaleigubætur til að koma á móts við leigjendur sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Skortur er á leiguhúsnæði í sveitarfélaginu og sveitarfélagið á ekki mikið húsnæði til félagslegra nota. Þetta eru helstu ástæður þess að sérstakar húsaleigubætur er teknar upp nú.

Félagsleg heimaþjónusta

Veitt er félagsleg heimaþjónusta inn á heimili aldraðra og öryrkja. Í þjónustunni felst aðstoð við heimilisþrif, persónulega umhirðu og félagslegur stuðningur. Alls eru 1,89 stöðugildi í heimaþjónustu. Þjónustuþegum fer fjölgandi og til að koma á móts við þarfir fólks er gert ráð fyrir að auka stöðugildi um 0,32%

Skv. reglum um heimaþjónustu 4. gr. er gert ráð fyrir að í samvinnu við forstöðumann sé hægt að bregðast við neyðartilvikum. Um er að ræða tímabundna ráðstöfun vegna þjónustu við eldri borgara. Þjónustan verður framkvæmd sem bakvaktarþjónusta, þannig að einstaklingar sem eiga engan að á svæðinu geta haft samband við starfsmann á Egilsbraut 9. Áætlaður kostnaður vegna slíkrar þjónustu á árinu 2014 er kr. 910.000,-. Gert er ráð fyrir að þjónustan verði veitt í að hámarki 8 vikur á ári til hvers einstaklings.

Dagdvöl aldraðra

Í dagdvöl er núna 3,84 stöðugildi. Í þjónustu núna eru 7 einstaklingar og er fyrir séð að á næsta ári munu fleiri þurfa að njóta þjónustunnar. Til að koma til móts við þjónustuþörf verður aukið við stöðugildi úr 3,84 í 4,33. Það rými sem dagdvölin er í dag er orðið of lítið og hefur verið samþykkt að taka eina íbúð á Egilsbraut 9 undir dagdvöl í febrúar 2014.

Gjaldskrá dagvistar eldri borgara (mötuneyti)

Matur fyrir eldri borgara kr. pr./dag.....	1.067
Hádegisverður kr. pr./dag.....	704
Morgunmatur kr. pr./dag	352


03. HEILBRIGÐISMÁL

Undir liðinn heilbrigðismál er fært framlag sveitarfélagsins til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Framlagið er miðað við fjölda íbúa í sveitarfélaginu og er áætlað að það verði tæpar 1,5 m.kr.

04. FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL

Áætluð útgjöld til fræðslu- og uppeldismála 2014 (þús. kr.):

Sameiginlegur kostnaður	6.455
Leikskólar	140.550
Dagvistun	3.105
Grunnskólar	435.305
Frístundaheimili	8.755
Tónlistarskóli	30.235
Annað	2.010
Samtals	626.415



Rekstur fræðslumála hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
542.724	571.135	626.415

Í Þorlákshöfn er rekinn Leikskólinn Bergheimar og Grunnskóli Þorlákshafnar. Þá á sveitarfélagið 14% eignarhlut í Grunnskólanum í Hveragerði og 11% í leikskóla í Hveragerði. Um skólavist barna sem búa í dreifbýli Ölfuss fer samkvæmt samningum milli Ölfuss og Hveragerðis annars vegar og Ölfuss og Árborgar hins vegar. Fræðslunefnd fer með málaflokkinn í umboði bæjarstjórnar. Sveitarfélagið á fulltrúa í fræðslunefnd Hveragerðis.

Sveitarfélagið er aðili að Tónlistarskóla Árnésinga. Skólanefnd fer með málefni skólans í umboði hlutaðeigandi sveitarfélaga. Framlag sveitarfélagsins er til greiðslu launakostnaðar kennara og skólastjóra. Deild tónlistarskólans er rekin í aðstöðu Grunnskólans í Þorlákshöfn. Stöðugildi eru 0,6 í Þorlákshöfn og nemendur á yfirstandandi skólaári um 85.

Sveitarfélagið styrkir námsmenn á framhaldsskóla- og háskólastigi sem stunda nám utan

sveitarfélagsins með styrkjum samkvæmt sérstökum reglum sem settar hafa verið af bæjarstjórn og hefur svo verið um árabíl.

Sveitarfélagið niðurgreiðir vistun hjá dagmæðrum en í þéttbýli Ölfuss eru að jafnaði starfandi dagmæður.

Í árslok 2013 gerðist Sveitarfélagið Ölfus aðili að sameiginlegri sérfræðipjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustu sjö sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru, auk Ölfuss; Hveragerðisbær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Markmið samstarfsins er að efla samstarf á milli sveitarfélaganna á sviði skóla- og velferðarþjónustu, minnka faglega einangrun starfsmanna og skapa teymi starfsmanna sem vinnur að því að bæta þjónustu við íbúa, nemendur, starfsfólk skóla og félagsþjónustu. Í teymi skólalþjónustunnar eru í upphafi tveir kennsluráðgjafa og einn sálfræðingur. Eitt meginmarkmið þjónustunnar er að styðja við skóla, skólastjórnendur og starfsfólk þeirra til að takast á við hlutverk sitt samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla.

Í kjölfar stefnumótunarvinnu um málefni leikskóla og dagvistarmála í Ölfusi sem hófst á árinu 2005 var tekin þverpólitísk ákvörðun um að flytja elsta árgang Leikskólans Bergheima í húsnæði Grunnskólans í Þorlákshöfn. Markmiðið var að auka samfellu, samstarf og samskipti milli skólastiganna einkum með það fyrir augum að auðvelda nemendum flutninginn milli skólastiga og minnka bilið á milli skólastiganna nemendum til hagsbóta. Markmiðið var einnig að auka samfellu og samstarf kennara þvert á skólastigin m.a. með það fyrir augum að miðla þekkingu milli kennara og starfsfólks um hugmyndafræði og starfshætti skólastiganna tveggja í þágu nemenda.

Til stóð að flytja Hulduheima í húsnæði grunnskólans árið 2007 en sökum seinkunar á byggingarframkvæmdum við grunnskólann tókst það ekki fyrr en 2008. Í viðhorfskönnunum meðal foreldra og starfsfólks undanfarinna ára hafa komið fram mjög skiptar skoðanir á því að hafa elsta árgang leikskólans í grunnskólanum. Með tilliti til þess að ekki ríkir full sátt um að hafa elsta árganginn í grunnskólanum og með hliðsjón af því að frá og með næsta skólaári verður komin í notkun ný viðbygging við leikskólann er gert ráð fyrir því að elsti árgangur leikskólans komi til baka í húsnæði leikskólans eftir skólaárið 2013-2014.

Við þessar breytingar er lögð áhersla á að unnið verði að því að auka samstarf leik- og grunnskóla enn frekar frá því sem var fyrir tíma þess að Hulduheimar var flutt í húsnæði grunnskólans. Er þá sérstaklega átt við það að auðvelda börnum leikskólans að hefja grunnskólanám og að auka samfellu og samstarf kennara þvert á skólastigin, m.a. með það fyrir augum að miðla þekkingu milli kennara og starfsfólks um hugmyndafræði og kennsluhætti skólastiganna tveggja í þágu nemenda.

Þá er gert ráð fyrir að skólaárið 2014-2015 verði starfræktar fjórar deildir í leikskólanum og elsti hluti skólans verði ekki nýttur undir deild það árið. Aldursinntökuviðmið verði færð niður í 18 mánuði úr 24 mánaða aldri í upphafi skólaárs 2015-2016 og er það gert til að koma til móts við þarfir barna og fjölskylda þeirra. Vegna þessara breytinga verði elsti hluti leikskólans forhannaður með breytingaþörf að leiðarljósi árið 2014 og er áætlaður kostnaður 2,5 m.kr. Breytingar verði svo framkvæmdar árið 2015 og er heildarkostnaður fullnaðar hönnunar og framkvæmdar á því ári áætlaður 22,5 m.kr. Ekki liggur fyrir formleg kostnaðaráætlun enn sem komið er.

Grunnskóli Þorlákshafnar

Sveitarfélagið Ölfus rekur Grunnskólann í Þorlákshöfn. Grunnskólinn er hefðbundinn grunnskóli með 12 bekkjardeildum og tæplega 230 nemendum. Skólastjóri er Halldór Sigurðsson og aðstoðarskólastjóri er Jón H. Sigurmundsson. Við skólann er rekið Frístundaheimili frá kl. 13.00 til 17.00 í tveimur stofum í skólanum. Deild Tónlistaskóla Árnesinga hefur verið til húsa í grunnskólanum í mörg undanfarin ár.

Skólinn sinnir allri kennslu á grunnskólastigi og á hverju ári hafa kennarar skólans kennt nokkra framhaldsskólaáfanga í 10. bekk og hafa alltaf nokkrir nemendur notað sér þá. Skólahúsnæðið hefur einnig verið lánað fyrir Fræðslunet Suðurlands og fleiri kennslustofnanir og hafa kennarar skólans í flestum tilfellum kennt á námskeiðum þessum. Skólinn hefur einnig mikið verið notaður sem gistiheimili fyrir íþróttahópa og tónlistarhópa sem hafa verið í æfingabúðum.

Skólastjóri er yfirmaður alls starfsfólks skólans og stjórnar öllum daglegum rekstri skólans og öllu mannahaldi. Við skólann starfa 2 skólastjórnendur 24 kennarar í 23 stöðugildum, 2 sérkennarar, 2 þroskaþjálfarar, 1 danskennari í hálfu starfi, 7 stuðningsfulltrúar í 5 stöðugildum 1 skólaritari í 60% starfi, 1 bókaforstjóri, 6 skólaliðar, 2 starfsmenn í mótuneyti, 1 húsvörður og 5 starfsmenn í Frístund í 2,7 stöðugildum, samtals 54 í 47,8 stöðugildum.

Varðandi kennsluna eru verklegu kennslugreinarnar sem þurfa mestu fjármunina, heimilisfræði, smíðar/málmsmíði, myndmennt og textíl og hefur sá liður hækkað verulega nú síðasta ár. Þrátt fyrir að gætta hafi verið aðhalds í innkaupum með því að versla við lágvöruverðsverslanir hefur þessi liður verið hvað erfiðastur við rekstur á námsgögnum. Búnað í kennslustofur, borð og stóla, þarf að endurnýja jafnt og þétt og hafa verið keypt inn um 10 stk. á hverju ári. Þannig hefur tekist að standa undir nauðsynlegri endurnýjun búnaðar í kennslustofur skólans. Bæta þarf við skjávörpum í stofur en keyptir voru 7 á síðasta ári í nokkrar stofur og þarf að klára það verkefni, þ.e. bæta við 7 á þessu ári. Stór liður á síðasta skólaári var kostnaður við ljósritun og blek í prentara en blekhyliki hafa hækkað mjög mikið í verði á undanförunum árum.

Efniskostnaður við ræstingu hefur margfaldast á síðasta ári og þarf að huga verulega að því, einnig þarf að fara að endurnýja ræstivagna og áhöld ýmiskonar varðandi ræstinguna.

Námsbækur sem eru keyptar utan kvóta Námsgagnastofnunar hafa útgjöld í för með sér en sérkvóta þarf alltaf að gera ráð fyrir. Töluvert af námsefni er notað sem ekki fæst í úthlutun ríkisins en er að sama skapi mun betra námsefni. Ný kennslutæki þarf að kaupa og er þá fyrst og fremst fjölgun á spjaldtölvum og endurnýja þarf geisladiskataeki í stofur. Einnig þarf að halda áfram að bæta við nýjum kennslutækjum í tónmenntadeildina.

Reiknað er með svipuðum starfsmannafjölda í grunnskólanum á árinu 2014 en reynslan sýnir að ávallt þarf að gera ráð fyrir veikindum starfsmanna og því getur launaliður hækkað frá því sem ráð var fyrir gert í áætlun. Sinna verður forfallakennslu eins og nokkur kostur er en útilokað er að hafa yngri nemendur kennaralausa á kennslutíma skólans og hvorki hægt né heimilt að senda þá heim. Sérfræðipjónusta verður við skólann, talmeinafræðingur er ráðinn við skólann sem verktaki og sálfræðingur verður á vorönn 2014 sem verktaki og síðan kemur nýr liður sem er nýja þjónustan við sveitarfélögin í Árnesþingi utan Árborgar sem þegar er kostnaðaráætluð.

Gjaldskrá fyrir fæði í Grunnskólanum í Þorlákshöfn og Frístund

Matur fyrir börn í skóla og frístundaheimili kr. pr./máltíð	348
Kaffi/hressing í skóla og frístundaheimili kr. pr./hressing	117

Gjaldskrá Frístundaheimilis

Heildsdagsvistun frá lokum skóladags til kl. 17:15 kr. pr./dag	10.098
Hálfsdagsvistun frá lokum skóladags til kl. 15:15 kr. pr./dag	5.047

Veittur er systkinaafsláttur 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni.

Leikskólinn Bergheimar

Starfsmannahópur Bergheima hefur unnið markvisst að símenntun og mikill ávinningur hefur orðið vegna stefnu sveitarfélagsins gagnvart fjarnámi leikskólakennara. Haustið 2013 voru starfandi 9 leikskólakennarar auk þess sem ein er í árs leyfi frá störfum. Tveir leikskólakennarar eru í meistaranámi. Einn útskrifaðist með B.ed. prófgráðu í leikskólakennarafræðum/leikskólaleiðbeinandi en er í fæðingarorlofi til ágúst 2014. Einn er með BA gráðu í sálfræði og er leikskólaleiðbeinandi. Þá eru þrjú leikskólaliðar í starfi og einn að hefja nám á leikskólaliðabraut. Þá eru nokkrar konur í einingarbæru fjarnámi til stúdentsprófs. Leikskólinn starfar allt árið og tekur samfelld 5 vikna sumarfrí. Starfsaldur er hár sem gerir það að verkum að öll réttindi eru mikil og þorri starfsfólks á allt að 6 daga í orlof eftir sumarlokun. Sérkennslustjóri hefur verið starfandi frá því árið 2009 og hefur það gjörbreytt sérkennslumálum og hvernig allri umgjörð um þau er háttað.

Rekstur

Lágmarks undirbúningstími skv. kjarasamningi er 5 klst. hjá deildarstjóra og 4 klst. hjá leikskólakennara og 2 klst. hjá leikskólaleiðbeinendum og ófaglærðum miðað við 100% stöðugildi. Undirbúningstími ófaglærðra er miðaður við bókun V frá því 1. apríl 2005 í kjarasamningi FOSS. Kjarasamningar leikskólakennara verða lausir í júní 2014. Árið 2010 var farið fram á sparnaðaraðgerðir í rekstri stofnana Ölfuss og gerði leikskólastjóri m.a. tillögu um að draga úr launakostnaði að leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skiptu með sér 180% vinnu. Vegna stækkunar og breytinga í öllu umhverfi leikskólans hafa stöðugildi verið aukin í 100% frá ársbyrjun 2014.

Börnin eru um tveggja ára þegar þau hefja leikskólanám og er byrjað að taka inn ný börn um leið og önnur hættu. Megin markmið leikskólans er að gera nemendur sjálfbjarga. Stærðfræðinám hefur verið hluti af daglegu starfi frá árinu 2001 og er námsefni og leikefni að mestu miðað út frá því. Undanfarin ár hafa verið unnin sérstök þróunarverkefni innan leikskólans annars vegar verkefni til að efla læsi leikskólabarna og hins vegar dans og tónlist og hafa verkefnið skilað góðum árangri inn í starfið. Fjöldi barna er um 80 og meðalvistunartími haustið 2013 er 8,7 klst.

Grænfánaverkefnið hefur gengið vel og fékk leikskólinn staðfestingu „Leikskóli á grænni grein“ strax við skil á fyrstu skýrslu.

Áhugi er fyrir því innan leikskólans að innleiða spjaldtölvur í leikskólastarfið og í ljósi nýrrar námskrár um upplýsingatækni hefur verið ákveðið að fjárfesta í slíkum kennslutækjum fyrir börn með sérþarfir inn á allar deildir skólans. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að leikskólinn fái aðgang að Mentor, líkt og grunnskólinn. Með því er horft til þess að bæta aðgengi og aðstöðu starfsfólks leikskólans til skráningar og utanumhalds nauðsynlegra upplýsinga og að auðvelda upplýsingamiðlun til foreldra.

Nýbygging verður tekin í notkun á næstu mánuðum sem veldur því að gert er ráð fyrir óvæntum jafnt sem fyrirséðum útgjöldum. Með nýbyggingunni verður eldhús tekið í gagnid og með því er gert ráð fyrir auknum fjölda starfsfólks.

Með stækkun húsnæðis leikskólans er gert ráð fyrir auknu stöðugildi við ræstingu en á móti fellur hlutur leikskólans í kostnaði við rekstur ræstingar í grunnskólanum niður um mitt ár.

Samhliða nýbyggingunni var ráðist í endurbætur og stækkun á leikskólalóðinni á árinu 2013. Ákaflega vel hefur tekist til við þá framkvæmd en við hönnun lóðarinnar var horft til náttúrulegra aðstæðna með það í huga að nægt rými yrði til fjölbreyttra nota í leik og hreyfingu. Lóðin hefur stækkað verulega og þarfir hvers aldurshóps nemenda á leikskólanum verið hafðar að leiðarljósi. Hver hluti lóðarinnar er úthugaður með hliðsjón af getu barnanna sem undirbýr þau enn frekar til að takast á við meira krefjandi viðfangsefni.

Í árgangi 2012 eru 22 börn og verða tvö til þrjú börn tekin inn úr þeim árgangi haustið 2013. Ekki stefnir í jafnt stóran árgang 2013 en frá janúar til ágúst eru 11 fædd börn.

Gjaldskrá leikskólalögnustu

Tímagjald milli kl. 08:00 og 16:00 verður kr. 3.023

Tímagjald milli kl. 16:00 og 17:00 verður kr. 4.801

Matur hækkar í verði um 2% frá fyrra ári.

Systkinaafsláttur verður 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni. Þá verður foreldrum sem stunda dagnám veittur afsláttur af leikskólagjaldi og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi.

Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.


(Ath. Afsláttur af leikskólagjaldi er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn).

Sækja þarf um afsláttinn til leikskólastjóra fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.

05. MENNINGARMÁL

Áætluð útgjöld til menningarmála 2014 (þús. kr.):

Sameiginlegur kostnaður	790
Bæjarbókasafn	26.930
Héraðsnefnd Árnesinga bs.	7.430
Byggðasafn	2.000
Annað	3.095
Hátíðarhöld	1.115
Versalir	16.295
Styrkir og framlög	1.825
Samtals	59.480



Rekstur menningarmála hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
53.663	56.365	59.480

Með málefni menningar-, viðburða- og ferðamála í sveitarfélaginu fer menningarnefnd ásamt menningarfulltrúa sem er í 100% stöðugildi. Sveitarfélagið er aðili að Héraðsnefnd Árnesinga bs. og fer stærsti hlutur framlaga til nefndarinnar til reksturs héraðsskjalasafns, listasafns og byggðasafns Árnesinga.

Kostnaður vegna ýmiskonar hátíðarhalda svo sem vegna 17. júní og Hafnardaga sem er árleg hátíð íbúa Sveitarfélagsins Ölfuss er færður undir málaflokkinn.

Menningarlíf sveitarfélagsins hefur verið með miklum blóma síðustu árin tekið og hefur sveitarfélagið laðað til sín fjölbreytta flóru listamanna sem hafa haft jákvæð áhrif á mannlífið.

Lýsing á málaflokknum

Menningar svið Sveitarfélagsins Ölfuss nær yfir margvíslega starfsemi. Stærsti útgjaldaliðurinn felst í rekstri Byggða- og Bæjarbókasafns Ölfuss. Bókasafnið er almenningsbókasafn og starfar samkvæmt lögum um bókasöfn nr. 150/2012. Byggðasafnið þjónar einstaklingum og stofnunum í Sveitarfélaginu Ölfusi. Safnið er rekið af sveitarfélaginu samkvæmt safnalögum nr. 106/2001.

Á bókasafni er skrifstofa menningarfulltrúa, en hann annast kynningar- og ferðamál auk viðburða og reksturs stofnunarinnar (þ.e. Byggða- og bæjarbókasafn Ölfuss). Undir menningar svið heyrir einnig rekstur Versala, menningarsala í ráðhúsi Ölfuss. Menningarnefnd Ölfuss er sú fagnefnd sem fer með málefni sviðsins og er menningarfulltrúi starfsmaður nefndarinnar. Á sviðinu starfa 6 manns í 2,9 stöðugildum.

Bæjarbókasafn

Hlutverk bókasafnsins er að vera upplýsinga- og menningarstofnun sem veitir börnum og fullorðnum greiðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti. Leitast er við að efla frjálsan og óheftan aðgang íbúa sveitarfélagsins að upplýsingum og þekkingarleit bæði með safnkostinum en einnig með aðgengi að tölvum og aðstoð við upplýsingaleit. Til að geta sinnt þessu hlutverki kaupir safnið bækur, tímarit, dagblöð, margmiðlunarefni, hljóðbækur og annað efni sem stendur íbúum í sveitarfélaginu til boða að fá lánað.

Stærsti kostnaðarliður bókasafnsins, fyrir utan launakostnað og leigu húsnæðis eru innkaup, en verð á bókum hefur farið mjög hækkandi á síðustu árum.

Árgjald fyrir bókasafnsskríteini hefur verið mjög lágt í Ölfusinu ef borið er saman við önnur sveitarfélög og hækkar gjaldið árið 2014 úr 1.500 krónum í 1.700 krónur. Einnig hækkar gjald fyrir árskort í tölvur úr 700 krónum í 1.200 krónur.

Byggðasafn Ölfuss

Mikill kostnaður á árunum 2013-2014 fer í uppbyggingu góðrar geymslu fyrir muni byggðasafns Ölfuss. Húnæði undir geymslu byggðasafns er við suðurenda þjónustumiðstöðvar og hefur það verið lagað, klætt, málað og gólf flotað. Þá hafa verið keyptar hillur í geymsluna og sett upp vinnuástaða. Á árinu 2014 greiðist hluti kostnaðar við innkaup á hillum og innréttingum auk þess sem komið verður upp tölvutengingu, sírita og öðru því sem nauðsynlegt er að koma upp til að geymslurýmið og aðstaðan verið samþykkt.

Á næsta ári verður byrjað að skrá safnkostinn í Sarp, gagnagrunn íslenskra menningarminja og gefst þar með almenningi kostur á að skoða þá gripi sem eru í eigu safnsins og lesa upplýsingar tengdum þeim á netinu.

Ritun sögu Þorlákshafnar

Búið er að skrifa handrit að Sögu Þorlákshafnar sem er framhald fyrri bóka og nær til ársins 1990. Um eina bók verður að ræða með mikið af litmyndum og yfirlitskortum. Byrjað er að prófarkarlesa textana og velja myndir og búa til myndatexta við fyrstu tvo kaflana. Enn er ekki búið að velja allar myndir fyrir seinni kaflana og virðist erfiðast að eiga við íbúakaflann, en leitast er við að safna myndum af þeim íbúum sem í Þorlákshöfn bjuggu á árunum 1950-1970. Árið 2014 fer texti og myndir í umbrot. Vinna þarf heimildalista, nafnalista og yfirfara tilvitnanir og er bókin þá tilbúin í prentun.

Áætlaður kostnaður:

Umbrot og myndvinnsla 1.000.000 krónur fyrir árið 2014

Prentun 8.000.000

Versalir

Áætlun næsta árs tekur mið af reynslu þessa fyrsta árs sem rekstur Versala hefur verið í höndum sveitarfélagsins. Kaupa þarf fleiri stóla og ýmis áhöld í eldhús.

Menningarviðburðir

Undir þessum lið falla t.d. útljósmyndasýning og viðburðir tengdir Suðurlandskjálfta 2014:

Efnt verður til Suðurlandskjálfta 28. mars-4. apríl 2014. Í tilkynningu frá SASS segir: „um árlega markaðsherferð fyrir Suðurland er að ræða þar sem blásið verður til fjölþættra viðburða og tilboða með það að markmiði að bjóða fólki heim til að kynnast matvælum og menningu, atvinnulífi, náttúru og lífsháttum á Suðurlandi“.

Tónar við hafið

Gert er ráð fyrir að hækka aðgangseyri að tónleikum úr kr. 1.500 í 2.000 krónur.

Breytingar hafa orðið á menningarlífinu í Þorlákshöfn frá því að fyrst var byrjað að efna til Tóna við hafið. Menningarviðburðum og aðallega tónleikum hefur fjölgað, tónlistarmenn sækja í að halda tónleika í Þorlákshöfn og uppgangur hefur verið hjá þeim félögum sem starfa á menningarsviðinu (lúðrasveitinni, leikfélaginu, kórnum og fleirum). Þetta hefur orðið til þess að tónleikum á vegum Tóna við hafið hefur fækkað þar sem aðrir tónleikar hafa komið inn. Til að viðhalda þessari þróun, er þó nauðsynlegt að gera aðilum kleift að halda tónleika hér með því að bjóða húsnaði á góðum kjörum og aðstoða við kynningu líkt og gert hefur verið hingað til.

Ferðamál/kynningarmál

Á árinu 2014 er gert ráð fyrir kostnaði vegna útgáfu ferðakorta, annarsvegar Suðurstrandarkorts og hinsvegar Ölfus bæklinga. Heildarostnaður, alls 780 þús. kr. skiptist eftirfarandi:

Ölfus bæklingur:

Textagerð, myndvinnsla, kortagerð, hönnun og prentun 420.000 kr.


Suðurstrandarkort:

Hlutur Sveitarfélagsins Ölfuss 360.000 kr.

06. ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Áætluð útgjöld til íþróttta- og æskulýðsmála 2014 (þús. kr.):

Sameiginlegur kostnaður	9.950
Leikvellir	1.775
Vinnuskóli	11.910
Félagsstarf unglunga	10.740
Íþróttamiðstöð	122.510
Rekstur íþróttavalla	13.450
Styrkir til íþróttafélaga	31.125
Annað	1.695
Samtals	203.155



Rekstur æskulýðs- og íþróttamála hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
192.773	201.015	203.155

Um málefni íþróttta- og æskulýðsmála fer æskulýðs- og íþróttanefnd ásamt íþróttta- og æskulýðsfulltrúa sem er í 100% stöðugildi. Önnur stöðugildi innan málaflokksins eru í íþróttamiðstöð 7,77 stöðugildi svo og í félagsmiðstöðinni Svítunni 0,3 stöðugildi

Um stuðning til íþróttta-, æskulýðs- og annarra tólmundafélaga fer samkvæmt þjónustusamningum að mestu leyti sem sveitarfélagið hefur gert við viðkomandi félög. Í þjónustusamningunum er m.a. kveðið á um samstarf á ýmsu sviði, stuðning til barna og unglunga vegna æfingagjalda, eflingu félaganna, þjónustu um rekstur æfinga- og keppnissvæða, um rekstur íþróttta- og leikjanámskeiða, rekstur smíðavallar og gerð reiðvega.

Samningarnir tóku gildi frá og með 1. janúar 2013 og gilda út árið 2016. Styrkir sveitarfélagsins til æskulýðs- og íþróttafélaga á tímabilinu nema rúmlega 100 m.kr.

Aukning hefur verið í fjölda sundgesta undanfarin ár og má ekki síst þakka það þeirri glæsilegri aðstöðu sem sveitarfélagið hefur byggt upp á síðustu árum og að börn og ungmenni undir 16 ára aldri fá frítt í sund.

Íþróttamannvirki

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi hefur yfirumsjón með íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins og starfsmannamálum sem undir málaflokkinn heyra. Íþróttamannvirkin eru íþróttamiðstöð (sundlaug, íþróttahús og líkamsrækt) þrír grasvellir, frjálsíþróttavöllur, vallarhús og gervigrasvöllur.

Starfsmenn íþróttamiðstöðvar eru níu talsins, fimm í fullu starfi en 4 í hlutastarfi. Íþróttamiðstöðin er opin frá kl. 07:00 til 23:00 virka daga og 10:00 til 18:00 um helgar.

Stærstu útgjaldaliðir íþróttamiðstöðvar eru utan launa, m.a. rafmagn, heitt vatn, hreinlætisvörur, klór og kolsýra.

Tjaldstæði

Tjaldstæði er rekið í tengslum við íþróttamiðstöð þar sem það er staðsett við hlið hennar.

Félagsmiðstöð

Félagsmiðstöðin er með starfsemi sína í ráðhúsinu og heyrir hún undir íþrótt- og æskulýðsfulltrúa. Starfsmenn eru þrír og eru þeir allir í hlutastarfi.

Félagsmiðstöðin er opin þrisvar í viku. Sjötti og sjöundi bekkur á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:00 til 19:30 og áttundi, níundi og tíundi bekkur á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum kl. 19:30 til 22:00.

Ungmennaráð

Ungmennaráð er sveitarfélaginu ráðgefandi um málefni ungs fólks og er það mjög virkt, það fundar reglulega og stendur fyrir ýmsum viðburðum fyrir ungt fólk.

Rekstrar- og styrktarsamningar

Stór útgjaldaliður hjá sveitarfélaginu eru rekstrar- og styrktarsamningar við íþróttafélögin í sveitarfélaginu. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi sér um samningagerð við íþróttafélög í sveitarfélaginu og eftirfylgni með þeim. Þessir samningar eru níu talsins.

- Samningur við Golfklúbb Þorlákshafnar um rekstur golfvallar, slátt á knattspyrnuvöllum og námskeið fyrir börn og unglinga.
- Samningur við Hestamannafélagið Háfeta um námskeið fyrir börn og reiðvegagerð.
- Samningur við Hestamannafélagið Ljúf um námskeið fyrir börn og reiðvegagerð.
- Samningar við Knattspyrnufélagið Ægi um a) barna og unglíngastarf, b) rekstur smíðavallar og leikjanámskeiða og c) umsjón með knattspyrnuvöllum.
- Samningur við Ungmennafélagið Þór um barna- og unglíngastarf.
- Samningur við körfuknattleikadeild um rekstur meistaraflokks.
- Samningur við Slysavarnafélagið Mannbjörgu um barna og unglínganámskeið.

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi sér um öll samskipti við íþróttafélög og íþróttasambönd fyrir hönd sveitarfélagsins.

Á árinu 2013 var hafist handa við undirbúning heilsustígs í Þorlákshöfn sem í raun er byggður á góðu göngustígakerfi þéttbýlisins. Meðfram stígnum verða fjölbreyttar æfingastöðvar sem gerðar eru úr náttúrulegum efnum að mestu leyti. Alls verða 15 æfingastöðvar á stígnum sem reyna ýmist á hreyfigetu, þol eða styrk. Stígurinn liggur í gegnum öll hverfi þéttbýlisins og er hugsaður fyrir fólk sem æfir reglulega og vill fjölbreytni, fólk sem ekki vill eða treystir sér ekki til að æfa í

líkamsræktarstöðvum, fólk í endurhæfingu, aldraða, íþróttafólk, unglunga og ekki síst kyrrsetufólk sem vill breyta um lífstíl. Gert er ráð fyrir því að stígurinn verði fullkláraður á vormánuðum 2014.

Gjaldskrá sundlaugar

Fullorðnir stakt gjald kr.....	550
10 miðar kr.	3.650
30 miðar kr.	7.700
Árskort kr.....	27.000
Börn að 16 ára aldri	frítt
Ellilífeyrisþegar	frítt
Öryrkjar	frítt
Sundföt leiga pr. skipti kr.....	470
Handklæði leiga pr. skipti kr.....	470
Sund + sundföt leiga pr. skipti	1.050
Morguntími í ljós kr.	1.000
Kvöldtími í ljós kr.	1.100
Morgunkort í ljós kr.	7.500
Kvöldkort í ljós kr.	9.500

Gjaldskrá tjaldsvæðis

Fullorðnir pr. nótt pr. mann kr.	950
Börn að 16 ára aldri (í fylgd fullorðinna).....	frítt
Elli- og örorkulífeyrisþegar pr. nótt pr. mann kr.....	650
Rafmagn pr. tjaldeining pr. dag kr.	650

Gjaldskrá í líkamsrækt


Mánaðarkort kr.	7.300
Sex mánaða kort kr.....	26.200
Árskort kr.....	42.000
Hjónakort kr.....	73.000
10 miða klippikort kr.....	7.300
Stakt skipti kr.	1.350

Afsláttur til námsmanna er 20% og 40% til elli- og örorkulífeyrisþega.

07. BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

Áætluð útgjöld til brunamála og almannavarna 2014 (þús. kr.):

Brunavarnir Árnassýslu	21.700
Brunahanar	800
Almannavarnir Árnassýslu	525
Ýmsir styrkir	925
Samtals	23.950



Rekstur brunamála og almannavarna hefur þróast með eftirfarandi hætti:


Ársreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
18.900	20.860	23.950

Sveitarfélagið Ölfus hefur verið aðili að Brunavörnum Árnassýslu frá 1. janúar 2010. Sveitarfélög í Árnassýslu hafa sameinast um eina almannavarnarnefnd fyrir svæðið. Með sameiginlegri nefnd er verið að styrkja almannavarnarkerfið á svæðinu.

08. HREINLÆTISMÁL

Áætluð útgjöld til hreinlætismála 2014 (þús. kr.):

Sorphirða og sorpeyðing	20.835
Annað	335
Samtals	21.170



Rekstur hreinlætismála hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
11.559	17.435	21.170

Sveitarfélagið tekur þátt í byggðasamlagi um sorpmál og er aðili að Sorpstöð Suðurlands. Þann 1. desember 2009 var sorpurðun hætt í Kirkjuferjuháleigu samkvæmt samkomulagi sem gert var milli Sveitarfélagsins Ölfuss og stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 3. nóvember 2004 og er nú allt sorp úr sveitarfélaginu flutt til urðunar á Reykjavíkursvæðinu.

Í lok árs 2013 var sorphirða fyrir sveitarfélagið boðin út og var Gámaþjónustan hf. með lágsta tilboð. Samið hefur verið við lágstjóðanda og tekur Gámaþjónustan hf. við þjónustunni 1. mars 2014.

Undir þennan málaflokk heyrir einnig dýrahald. Hunda- og kattahald er bannað í sveitarfélaginu ef frá eru taldir þarfahundar á lögbýlum og hundar sem notaðir eru til björgunarstarfa svo og aðstoðarhundar blindra og fatlaðra einstaklinga. Hægt er þó að fá leyfi fyrir hundum og köttum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sbr. samþykktir um hunda- og kattahald.

Gjaldskrá fyrir hundahald

Hundagjald kr. pr./ár pr./hund	12.087
Handsömunargjald fyrsta skipti kr. pr./hund	5.163
Handsömunargjald ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða kr. pr./hund	7.602

Gjaldskrá fyrir kattahald

Kattagjald kr. pr./ár pr./kött	3.687
Handsömunargjald fyrsta skipti kr. pr./kött	3.534

Handsömungjald ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða kr. pr./kött7.074

Hreinsun og losun rotþróa

Gjöld miðast við framkomna reikninga frá verktaka frá og með 1. janúar 2014.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi

Gjaldskrá hækkar um 2% frá árinu 2013.

1. grein

Bæjarstjórn Ölfuss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum, samanber samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi dagsett 1. desember 2005.

2. grein

Gjaldið er sem hér segir:

Sorphreinsigjald á íbúðarhús á ári kr.	18.731
Sorpeyðingargjald á íbúðarhús á ári kr.	10.705
Tunnuleiga, á tunnu á ári kr.	504
Flutningur á tunnu (fyrsta tunna án gjalds hver ferð) kr.	1.909
Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótarþokaæiningar/tunnu á ári kr.	17.292
Atvinnuhúsnæði fyrir hvern poka á ári	37.021

Öll fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skulu greiða sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald.

3. grein

Fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi og koma með sorp á sorpmóttökustað sveitarfélagsins í Þorlákshöfn og/eða til Sorpstöðvar Suðurlands skulu greiða móttöku- og sorpeyðingargjald samkvæmt magni.

Flokkur A (Efni með úrvinnslugjald og önnur efni sem ekki hafa kostnað í för með sér) 0 kr. eða gjaldfrjálst.

- Rúlluplast kr./m ³	0
- Hjólbarðar kr./m ³	0
- Spilliefni kr./m ³	0
- Fernur kr./m ³	0
- Skilagjaldsskildar umbúðir kr./m ³	0
- Föt kr./m ³	0
- Bílar skilagjald samkvæmt reglugerð	
Flokkur B (endurvinnanlegt efni) kr./kg	12,27
Flokkur B (endurvinnanlegt efni) kr./m ³	2.688
- Málmar	2.823
- Pappír	0
- Timbur	2.823
- Garðaúrgangur	2.823

- Veiðarfæri.....	2.823
- Kaðlar	2.823
Flokkur C (blandaður óendurvinnanlegur) kr./kg.	22,20
Flokkur C (blandaður óendurvinnanlegur) kr./m ³	5.207
- Heimilisúrgangur	5.467
- Rekstrarúrgangur.....	5.467
- Byggingarúrgangur	5.467


4. grein.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss er sett með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að gilda fyrir árið 2014.

09. SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL

Áætluð útgjöld til skipulags- og byggingarmála 2014 (þús. kr.):

Sameiginlegur kostnaður	17.290
Skipulagsmál	5.045
Samtals	22.335



Rekstur skipulags-, umhverfis- og byggingarmála hefur þróast með eftirfarandi hætti:


Ársreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
17.066	19.895	22.335

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd ásamt sviðsstjóra skipulags-, byggingar- og umhverfissviðs, í 100% stöðugildi, fara með málefni skipulags-, byggingar- og umhverfismála í umboði bæjarstjórnar. Á sviðinu starfar einnig forstöðumaður þjónustumiðstöðvar í 100% stöðugildi, sem sér um rekstur þjónustumiðstöðvarinnar og er forstöðumanni sviðsins til aðstoðar í skipulags- og byggingarmálum.

10. UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL

Áætluð útgjöld til umferðar- og samgöngumála 2014 (þús. kr.):

Viðhald gatnakerfis	16.815
Reiðvegir	3.555
Götulýsing	11.050
Snjómokstur	2.190
Almenningssamgöngur	4.600
Samtals	38.210



Rekstur umferðar- og samgöngumála hefur þróast með eftirfarandi hætti:


Ársreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
26.151	40.315	38.210

Fyrirhugað er á næstu árum að fara í viðhald eldri gatna í Þorlákshöfn með markvissari hætti en verið hefur.

11. UMHVERFISMÁL

Áætluð útgjöld til umhverfismála 2014 (þús. kr.):

Sameiginlegur kostnaður	565
Garðyrkjuvinna	2.930
Fegrun og snyrting	12.510
Jól og áramót	2.035
Minka og refaeyðing	1.900
Samtals	19.940



Rekstur umhverfismála hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
11.365	12.990	19.940

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd fer með framkvæmd umhverfismála. Undir málaflokkinn umhverfismál flokkast skrudgarðurinn, uppgræðslumál, fegrun sveitarfélagsins, jólaskreytingar og minka- og refaeyðing. Rekstur málaflokksins er beint tengdur skipulag- og byggingarmálum.

Áhersla er lögð á að bæta enn frekar ásýnd sveitarfélagsins og sérstaklega á aðkomu til Þorlákshafnar.

Frá árinu 1994 hefur verið garðyrkjumaður að jafnaði verið starfandi hjá sveitarfélaginu. Eftir að breytingar urðu á mannhaldi og skipulagi þjónustumiðstöðvar vorið 2013 var ráðinn umsjónarmaður grænna svæða í hlutastarf frá vori fram á haust. Virkilega vel tókst til með þetta fyrirkomulag og gerir áætlun ársins ráð fyrir sama fyrirkomulagi. Ekki er þó hægt að gera ráð fyrir því að ávallt takist eins vel til með ráðningu starfsmanns í slíkt verkefni þegar um tímabundna ráðningu er að ræða og því er mikilvægt að heildarfyrirkomulag málaflokksins (skipulag-, byggingar og umhverfissviðs) liggja fyrir til lengri framtíðar varðandi verkefni og mannhald.

Meðal verkefna sem unnin voru á sviði umhverfismála árið 2013 undir verkstjórn umsjónarmanns grænna svæða og sinna verður í framtíðinni eru:

Vinnuskóli

Taka verður mið af skýrslu umsjónarmanns grænna svæða sumarið 2013 við skipulagningu vinnuskólans sumarið 2014. Hægt er að komast af með a.m.k. einum færri flokkstjóra en ráðnir voru sumarið 2013. Mjög fáir unglingar mættu til vinnu eftir verslunarmannahelgi sumarið 2013 og horfa má til þess að stytta vinnutímabilið í þá áttina.

Götuhreinsun

Töluverður tími fór í götuhreinsun sumarið 2013, eins og raunin virðist hafa verið undanfarin sumur. Finna þarf leiðir til að fyrirbyggja þennan mikla vöxt á malbikuðum/steyptum svæðum.

Lúpína

Mikil lúpína er umhverfis bæinn, bæði á sandinum og eins sunnan við hann. Nauðsynlegt er að fylgjast með henni og varna því að hún flæði yfir allt Hafnarnesið og á önnur svæði þar sem hún er til mikils ógagns. Skynsamlegt er að skilgreina svæðin þar sem ekki á að vera lúpína, uppræta hana þar árlega og hefta framgöngu hennar á jöðrum svæðisins.

Skrúðgarður

Mikilvægt er að vinna að áætlun um endurbætur Skrúðgarðsins. Miðað við hversu góð mæting var á íbúafund um málefni skrúðgarðs virðist hann mörgum íbúanum hugleikinn.

Aðkoma að bænum

Blokkirnar sem eru við aðkomuna eru mjög leiðinlegar ásýndar og sveitarfélagið verður að beita þrýstingi á að þeim sé viðhaldið. Til mikilla bóta væri að koma upp fallegum við aðkomuna og til að byrgja sýn á atvinnusvæðið við höfnina. Ákaflega mikilvægt er að vanda til verka þar sem manngert umhverfi og náttúran/sandurinn renna saman í jaðri bæjarins.

Garðlönd

Ákveðið var vorið 2013 að færa/gera ný garðlönd fyrir íbúa Þorlákshafnar. Þeim var valinn staður á milli ípróttavallanna vegna þess að aðgengi að vatni var gott þar og í skipulagi var þetta svæði tekið frá fyrir svona notkun. Gott væri að setja meira af mold í svæðið vorið 2014 og bæta í hæsnaskít áður en svæðið er svo plægt aftur fyrir sumarið. Meðfram norður hlið garðlandanna var settur niður Grásteinavíðir og mætti setja líka niður einhverja runna við suður hlið þeirra til að auka skjól. Eins mætti setja kurl eða annað efni á milli víðihexsins og garðlandanna. Ef áhugi er fyrir að stækka garðlöndin er möguleiki á að gera það til austurs.

Skógrækt

Í lok júní settu allir flokkar í vinnuskólanum niður tré norð/vestur af bænum. Það gekk mjög vel og settar voru niður um 700 plöntur af birki, loð- og gulvíði með skít og skóflu.

Skógræktardagur

Vorið 2013, þann 30. maí, var haldinn skógræktardagur á vegum sveitarfélagsins. Trjám, aðalega birki (örlítið af víði), alls um 600 stykki, var plantað úti á sandi við gamla veg. Æskilegt er að skógræktardagur sé haldinn á hverju ári. Hugsanlega gæti verið betra að hafa skógræktardag í lok sumars eða á haustin þegar minna er að gerast í bænum með vænta mætingu íbúa í huga.

Sumarblóm

Sumarblóm setja svip á bæinn. Nokkuð fleiri blómaker voru sett út sumarið 2013 en sumrin þar á undan. Í beð í bænum fóru alls um 1000 blóm.


Haustlaukar

Áhugavert væri að setja niður haustlauka frá lokum september fram til þess tíma að jarðvegur frýs. Ef krókusar eru settir niður blómstra þeir snemma vors áður en nokkur annar gróður tekur við sér. Krókusa er bæði er hægt að setja niður í beð og í grasflatir.

13. ATVINNUMÁL

Áætluð útgjöld til atvinnumála 2014 (þús. kr.):

Framlag til SASS	2.645
Landbúnaður	2.115
Ferðamál	1.950
Tjaldstæði	1.015
Markaðsstofa Suðurlands	710
Samtals	8.435



Rekstur atvinnumála hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
8.001	9.200	8.435

Markmið með þátttöku í Markaðsstofu Suðurlands er að koma sveitarfélaginu betur á framfæri við ferðamenn bæði innlenda og erlenda. Taka þátt í sameiginlegri markaðssetningu á Suðurlandi og koma starfsemi sveitarfélagsins og íbúa betur á framfæri. Unnið verður áfram að kynningu á sveitarfélaginu fyrir fjárfesta eins og verið hefur á mörgum síðustu árum.


Þá er áætlað að styrkja rekstur ferðamiðstöðvar sem rekin hefur verið í Herjólfshúsinu yfir sumarmánuðina.

Með tilkomu Suðurstrandarvegar hefur opnast möguleiki á að nýta landið fyrir vestan Þorlákshöfn undir iðnaðarstarfsemi stóra sem smáa.

21. SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Áætluð útgjöld til stjórnsýslunnar 2014 (þús. kr.):

Bæjarstjórn	14.200
Endurskoðun, lögfræðiaðstoð	4.685
Bæjarskrifstofur	48.555
Innheimtukostnaður	6.390
Kynning, móttökur	2.500
Starfsmannakostnaður	3.365
Annað	2.690
Samtals	82.385



Rekstur sameiginlegs kostnaðar hefur þróast með eftirfarandi hætti:

Ársreikningur 2012	Útkomuspá 2013	Fjárhagsáætlun 2014
67.999	81.005	82.385

Stöðugildi á bæjarskrifstofu er þrjú auk bæjarstjóra; Bæjarritari, deilarstjóri launadeildar og starfsmaður í móttöku.

28. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Málaflokkurinn fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er eins og á síðastliðnu ári nokkur óvissuþáttur í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Framvinda í efnahagsmálum þjóðarinnar gerir það að verkum að erfitt er að gera áætlun fyrir þennan málaflokk sem byggir á öruggum forsendum.

Gert er ráð fyrir 4,0% verðbólgu á árinu.

Undir málaflokkinn heyrir einnig arður af hlutabréfum s.s. frá Lánasjóði sveitarfélaga og framlögum frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands.

31. EIGNASJÓÐUR

Sú meginregla gildir að fasteignir sveitarfélaga eru færðar í sjálfstæða rekstrareiningu innan A-hluta sveitarfélagsins og er þessum eignasjóði ætlað að sjá um rekstur, nýbyggingar, kaup eða sölu eigna í umboði sveitarstjórnar. Eignasjóður leigir síðan út fasteignir til rekstrareininga sveitarfélagsins samkvæmt þörfum viðkomandi rekstrareininga og innheimtir svokallaða innri leigu í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér. Meðal annars er tekið mið af afborgunum lána, vöxtum, afskriftum, viðhaldi og fasteignagjöldum.

Markmiðið með eignasjóðum er að gera rekstrarkostnað fasteigna sýnilegri og að sérhver rekstrareining beri þann raunkostnað sem henni ber.

Sjá má helstu framkvæmdir í sundurliðaðri fjárfestingaáætlun.

33. ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Þjónustumiðstöð sveitarfélagsins sinnir ýmsum verkefnum svo sem viðhaldi fasteigna sveitarfélagsins, snjómokstri, svo og ýmsu öðru viðhaldi og umhirðu innan sveitarfélagsins auk ýmissa annara tilfallandi verkefna.

Þá hafa starfsmenn miðstöðvarinnar með að gera rekstur vatnsveitu og fráveitu.

Þjónustumiðstöð heyrir undir þjónustusvið sveitarfélagsins. Stöðugildi eru fjögur; Forstöðumaður og þrír aðrir starfsmenn.

B-HLUTA FYRIRTÆKI

B-hluta fyrirtæki sveitarsjóðs eru:

Hafnarsjóður Þorlákshafnar

Vatnsveita Þorlákshafnar

Íbúðir eldri borgara

Uppgræðslusjóður Ölfuss


Félagslegar íbúðir

Fráveita Ölfuss

41. HAFNARSJÓÐUR

Áætlaðar tekjur Þorlákshafnarhafnar 2014 (þús. kr.):

Almenn hafnargjöld	77.320
Seld þjónusta	19.660
Sala rafmagn og vatn	8.170
Hafnsögubátur	2.500
Samtals	107.650




Hafnarstjórn ásamt hafnarstjóra fer með málefni Þorlákshafnarhafnar í umboði bæjarstjórnar. Hjá Þorlákshafnarhöfn eru 4,2 stöðugildi.

Hjörtur Jónsson var í lok árs 2013 ráðinn hafnarstjóri Þorlákshafnarhafnar en hann var valinn úr hópi mjög frambærilegra umsækjenda. Hann hefur víðtæka stjórnunarreynslu, bæði í rekstri fyrirtækja og sem skipstjóri. Hjörtur tók við starfinu 1. janúar 2014.

Hafnarstjóri sinnir daglegum rekstri hafnarinnar auk þess að koma að vinnu við stefnumarkandi verkefni sem hafa það að markmiði að auka umsvif hafnarinnar.

Áætluð útgjöld til Þorlákshafnarhafnar 2014 (þús. kr.):

Laun	44.195
Annar rekstrarkostnaður	40.080
Afskriftir	21.082
Fjármagnsliðir	881
Samtals	106.238



Í gildi er samningur milli sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar þess efnis að Þorlákshafnarhöfn verði varahöfn Herjólfis. Vegagerðin greiðir fast gjald til hafnarinnar árlega til þess að viðhalda þeim mannvirkjum sem tengd eru komum Herjólfis auk hafnargjalda sem innheimt eru af komum skipsins og greidd eru af rekstaraðila skipsins.

Gildistími þessa samnings er til loka ársins 2014.

43. VATNSVEITA

Rekstur veitunnar verður með hefðbundnu sniði en helstu verkefni hennar má sjá í sundurliðaðri fjárfestinga- og viðhaldsáætlun.

53. ÍBÚÐIR ELDRI BORGARA

Eftirtaldar íbúðir heyra undir stofnunina og eru skráðar á Egilsbraut 9.

Hús	Stærð	Byggingarár
Egilsbraut 9	73,9	2001
Egilsbraut 9	67,6	1988
Egilsbraut 9	62,0	1988
Egilsbraut 9	62,0	1988
Egilsbraut 9	67,6	1988
Egilsbraut 9	75,7	1988
Egilsbraut 9	64,1	1988
Egilsbraut 9	64,1	1988
Egilsbraut 9	75,7	1988
Egilsbraut 9	62,8	2001

Í árslok 2013 samþykkti bæjarstjórn nýjar reglur um úthlutun íbúða á Egilsbraut 9, samkvæmt tillögu félagsmálastjóra (sem nú er forstöðumaður skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings). Í tillögunum er gert ráð fyrir því að íbúðir verði leigðar út í framtíðinni án greiðslu búseturéttar. Búseturéttir sem þegar hafa verið greiddir munu verða greiddir út þegar viðkomandi íbúar skila inn sinni íbúð.

Markmið með úthlutun íbúðanna er að koma til móts við þarfir aldraðra/öryrkja íbúa í Sveitarfélaginu Ölfusi sem sökum félagslegra- og heilsufarslegra aðstæðna geta ekki búið áfram og séð um sig sjálfa í eigin húsnæði. Íbúðunum er ætlað að vera hentugur búsetukostur þar sem einstaklingar geta haldið eigið heimili sem lengst við sem bestar aðstæður.

55. UPPGRÆÐSLUSJÓÐUR

Sérstakar samþykktir gilda um rekstur Uppgræðslusjóðs Ölfuss. Uppgræðslusjóði er heimilt að veita landeigendum, Sveitarfélaginu Ölfusi, félagasamtökum og öðrum umráðahöfum lands, styrki til landbótaverkefna. Með styrkveitingum úr sjóðnum er ætlunin að efla landgræðslu og gróðurvernd í Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt reglum hans.

Einungis hefur verið heimilt að nýta vaxtatekjur hvers árs til framlaga og fer það því eftir vaxtastigi í landinu hver endanleg framlög verða.

Samkomulag hefur náðst milli Orkuveitunnar og Sveitarfélagsins Ölfuss þess efnis að nýta það fjármagn sem til er í sjóðnum til að kosta lagningu ljósleiðara í dreifbýli Ölfuss.

57. FÉLAGSLEGAR ÍBÚÐIR

Eftirtaldar íbúðir eru eign félagslegra íbúða auk íbúðanna að Selvogsbraut 1:

Hús	Íbúð númer	Byggingarár
Sambyggð 8	0103	1981
Sambyggð 8	0202	1981
Sambyggð 6	0301	1981
Norðurbyggð 22 b		1991
Norðurbyggð 24 b		1992

61. FRÁVEITA

Rekstur fráveitu verður með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár. Sjá má í sundurliðaðri fjárfestinga- og viðhaldsáætlun hver helstu verkefni fráveitunnar verða á næsta ári.

GREINARGERÐ BÆJARSTJÓRA

Undirritaður tók við sem bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss um miðjan maí á nýliðnu ári. Á þessum tíma sem liðinn er hafa verkefni af ýmsum toga verið unnin. Sum þessara verkefna koma til með að hafa jákvæð áhrif á rekstur sveitarfélagsins í langri framtíð. Nýju verklagi var komið á við fjárhagsáætlunarvinnunna og er ekki ástæða til að ætla annað en að það verði áfram þróað á næstu árum. Þetta verklag snýr fyrst og fremst að stærri og stefnumarkandi verkefnum sveitarfélagsins, þ.e. fjárfestingum og meiriháttar viðhaldi. Sérstök framkvæmda- og viðhaldsáætlun, í tölum og texta, er því fylgigagn fjárhagsáætlunarinnar nú. Það er mín trú að þetta verklag muni hafa verulega jákvæð áhrif til framtíðar á vinnu við fjárhagsáætlun, framkvæmd ákvarðana og eftirliti og eftirfylgni með fjárhagsáætlun.

Hér á eftir mun ég fara yfir helstu verkefni sem framkvæmd voru á árinu 2013 og hafa munu áhrif á fjárhagsáætlun 2014-2017 auk þess sem ljósi verður varpað á helstu efnisatriði fjárhagsáætlunarinnar.

Endurfjármögnun skuldbindinga og fjárhagsleg hagræðing

Yfir helmingur skuldbindinga sveitarfélagsins var endurfjármagnaður á árinu 2013. Stærstur hluti þessarar endurfjármögnunar kom til vegna kaupa sveitarfélagsins á Íþróttamiðstöðinni í Þorlákshöfn, n.t.t. sundlaug, búningasklefar og líkamsræktaraðstaða, af Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf.

Á fundi bæjarstjórnar í lok ágúst var samþykkt að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 940 m.kr. vegna kaupanna. Kaupverð fasteignanna alls var um 978 m.kr. en mismunurinn var greiddur af handbæru fé sveitarfélagsins. Hagræðingin með þessum kaupum er tvíþætt; a) veruleg fjárhagsleg hagræðing og b) innbyggðri áhættu í flóknum leigusamningi um fasteignirnar er aflétt. Leiguskuldbinding vegna fasteignanna var til 27 ára og ekki kveðið á um eignarrétt yfir þeim að leigutíma loknum. Reyndar hefur verið gengið út frá því að sveitarfélagið eignaðist fasteignirnar að þessum tíma loknum að því gefnu að það hefði staðið í skilum með leiguna við Fasteign. Lánið sem tekið var hjá Lánasjóði sveitarfélaga var til 21 árs en greiðslubyrðin hvert ár þó að jafnaði lægri en leiguskuldbindingin hjá Fasteign, að undanskildum fyrstu tveimur árunum, miðað við forsendur hvors samnings um sig. Skapast þetta fyrst og fremst af þeim háu vaxtakjörum sem leiguskuldbindingin var byggð á borið saman við kjörin sem fengust hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Yfir samningstímann allan hleypur kostnaðarmunurinn á hundruðum milljóna en miðað við þær forsendur sem lágu til grundvallar er fjárhagslegur ávinningur sveitarfélagsins áætlaður um 500 milljónir króna.

Á fundi bæjarráðs um miðjan júlí var samþykkt að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 220 m.kr. til þess að greiða niður verulega dýrari lán, þ.e. með mun hærri vöxtum en með sömu höfuðstólsfjárhæð. Nýja lánið er til 10 ára, sem er töluvert lengri tími en líftími þeirra lána sem greidd voru upp. Megin tilgangurinn með þessu var sá að lækka greiðslubyrði á næstu árum sem er lykilmögulega þess að komast hjá lánstöðu til áætlaðra framkvæmda sveitarfélagsins skv. nýsamþykktari fjárhagsáætlun.

Efling grunnþjónustu

Sveitarfélagið Ölfus hefur síðustu ár verið aðili að sameiginlegri velferðarþjónustu sjö sveitarfélaga í Árnessýslu, þ.e. ásamt Hveragerði, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Á árinu 2013 var þetta samstarf útvíkkað og tekur nú einnig til sérfræðiþjónustu fyrir skóla. Markmið samstarfsins er að efla samstarf á milli sveitarfélaganna á sviði skóla- og velferðarþjónustu, minnka faglega einangrun starfsmanna og skapa teymi starfsmanna sem vinnur að því að bæta þjónustu við íbúa, nemendur, starfsfólk skóla og félagsþjónustu. Ráðnir voru þrír starfsmenn vegna þessa verkefnis og hefur einn þeirra starfsstöð á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss í Þorlákshöfn.

Forsvarsmenn Sveitarfélagsins Ölfuss og forstöðumaður skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings í samvinnu við Höfn hollvinasamtök og Félag eldri borgara í Ölfusi hafa unnið að undirbúningi bættrar aðstöðu fyrir eldri borgara Ölfusi. Sveitarfélagið stendur að myndarlegri þjónustu fyrir eldri borgara í Þorlákshöfn á Egilsbraut 9 þar sem boðið er upp á dagsvist fyrir aldraða, tómstundastarf og fæði auk þess sem þar er starfsemi félagslegrar heimaþjónustu fyrir aldraða. Starfsmenn í heimaþjónustu annast almenn heimilisstörf fyrir aldraða, innkaup og annað sem mætir persónulegum þörfum hvers

einstaklingsins, s.s. félagslegan stuðning. Sveitarfélagið Ölfus er eitt fárra sveitarfélaga á landinu sem býður uppá heimaþjónustu fyrir aldraða um kvöld og helgar en bæjarstjórn samþykkti á árinu 2013 að slík þjónusta skyldi vera í boði. Á Egilsbraut 9 eru einnig íbúðir í eigu sveitarfélagsins sem leigðar hafa verið út með svokölluðu búseturéttarformi. Nýjar úthlutunarreglur voru samþykktar af bæjarstjórn undir lok ársins 2013 en samkvæmt þeim er gert ráð fyrir því að verði leigðar út án greiðslu búseturéttar. Búseturéttir sem þegar hafa verið greiddir munu verða greiddir út þegar viðkomandi íbúar skila inn sinni íbúð. Markmið með úthlutun íbúðanna er að koma til móts við þarfir aldraðra/öryrkja íbúa í sveitarfélaginu sem sökum félagslegra- og heilsufarslegra aðstæðna geta ekki búið áfram og séð um sig sjálfa í eigin húsnæði. Íbúðunum er ætlað að vera hentugur búsetukostur þar sem einstaklingar geta haldið eigið heimili sem lengst við sem bestar aðstæður.

Verklegar framkvæmdir

Þó svo ekki hafi verið mörg framkvæmdaverkefni í gangi hjá sveitarfélaginu á árinu 2013 má nefna að risið hefur ný og glæsileg bygging við leikskólann Bergheima í Þorlákshöfn og sveitarfélagið hefur lagt grunn að aðgengilegum og góðum heilsustíg í þéttbýlinu. Í Reykjadal hefur aðgengi og öryggi ferðamanna verið stórbætt með átaki í gerð göngustíga. Nýframkvæmdir hafa verið í gatnagerð í Þorlákshöfn en komið var til móts við þarfir vaxandi fyrirtækja í fiskeldi á svæðinu með því að leggja slitlag á hluta Laxabrautar og Faxabraut var lengd vegna uppbyggingar í hesthúshverfinu.

Leikskólabyggingin við Bergheima er tæplega 500m² að stærð og mun rúma tvær u.þ.b. 20 barna deildir auk þess sem alger bylting verður í vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk leikskólans. Verið er að leggja lokahönd á bygginguna en gert er ráð fyrir að snemma á árinu 2014 verði hún tekin formlega í notkun. Samhliða nýbyggingunni var ráðist í endurbætur og stækkun á leikskólalóðinni. Ákaflega vel hefur tekist til við þá framkvæmd en við hönnun lóðarinnar var horft til náttúrulegra aðstæðna með það í huga að nægt rými yrði til fjölbreyttra nota í leik og hreyfingu.

Á árinu 2013 var hafist handa við undirbúning heilsustígs í Þorlákshöfn sem í raun er byggður á góðu göngustígakerfi þéttbýlisins. Meðfram stígnum verða fjölbreyttar æfingastöðvar sem gerðar eru úr náttúrulegum efnum að mestu leyti. Alls verða 15 æfingastöðvar á stígnum sem reyna munu ýmist á hreyfigetu, þol eða styrk. Stígurinn liggur í gegnum öll hverfi þéttbýlisins og er hugsaður fyrir fólk sem æfir reglulega og vill fjölbreytni, fólk sem ekki vill eða treystir sér ekki til að æfa í líkamsræktarstöðvum, fólk í endurhæfingu, aldraða, íþróttafólk, unglíngja og ekki síst kyrrsetufólk sem vill breyta um lífsstíl. Gert er ráð fyrir því að stígurinn verði fullkláraður nú á vormánuðum.

Helstu áherslurættir í nýsamþykktri fjárhagsáætlun

Gert er ráð fyrir fjárfestingum hjá sveitarfélaginu að fjárhæð 156,5 milljónir króna á árinu 2014 sem verða fjármagnaðar með handbæru fé og því ekki gert ráð fyrir lántöku. Stærstu fjárfestingarliðir áætlunarinnar eru uppbygging fjarskiptakerfis í dreifbýli Ölfuss, lokafrágangur við nýbyggingu leikskólans Bergheima, endurbygging tónlistarálmu Grunnskólans í Þorlákshöfn, uppbygging fráveitu, framkvæmdir í skrudgarði í Þorlákshöfn, fegrun á innkomu í Þorlákshöfn og samstarf við Hveragerðisbæ í aðstöðubót fyrir skólasel/frístundaskóla í Hveragerði.

Stefnt er að því að fyrir árslok 2014 hafi allflest heimili í sveitarfélaginu aðgang að ljósleiðaraþjónustu og hefur sveitarfélagið gengið frá samningi við Gagnaveitu Reykjavíkur vegna þess. Með slíkri framkvæmd verður gerbylting á sviði fjarskipta í sveitarfélaginu, bæði í dreifbýli og í þéttbýli. Húsnæði Grunnskóla Þorlákshafnar hefur gengið í gegnum endurbætur á síðustu árum. Áfram verður haldið með þessar endurbætur á árinu 2014 en þá verður tónlistarálma skólans gerð upp. Þess er vænst að sú framkvæmd verði til að styrkja enn frekar þá miklu grósku sem er í tónlistarlífi sveitarfélagsins. Vorið 2014 eru 40 ár liðin síðan Kvenfélag Þorlákshafnar hóf framkvæmdir við skrudgarðinn í Þorlákshöfn. Það er því táknrænt að áætlað sé að verja verulegu fjármagni til framkvæmda í skrudgarðinum á árinu 2014 og að hann verði fullkláraður á næstu þremur árum. Samhliða þessari andlitslyftingu á skrudgarðinum verður varið fjármagni til bættrar ásýndar á aðkomuna inn í Þorlákshöfn. Sveitarfélagið Ölfus stendur að rekstri Grunnskólans í Hveragerði með Hveragerðisbæ. Á áætlun er að bæta aðstöðu skólasels í Hveragerði og þar með aðstöðu flestra nemenda skólans.

Hér hefur verið farið yfir helstu þætti í starfsemi Sveitarfélagsins Ölfuss á árinu 2013 og stefnumarkandi þætti fyrir árið 2014. Þessi upprifjun og útskýring er hvergi nærri tæmandi en gefur íbúum vonandi ágæta sýn á þá starfsemi sem fram fer hjá sveitarfélaginu.

Þorlákshöfn í janúar 2014.

Gunnsteinn R. Ómarsson
Bæjarstjóri

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2014-2017

SUNDURLIÐUÐ REKSTRARÁÆTLUN 2014

FJÁRFESTINGARÁÆTLUN

SKÝRINGAR FJÁRFESTINGA

VIÐHALDSÁÆTLUN

SKÝRINGAR VIÐHALDS

SKIPURIT SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS